STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1970

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 12. desember 1970 og innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.

b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
Afsöl fyrir skráningarskyldum skipum eru undanþegin álagi.

c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 279. Útgáfudagur 31. desember 1970.

B 96

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.